

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jóns Halldórssonar Fjalldal og Jónu Kristjánsdóttur Fjalldal á Melgraseyri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Halldórssonar Fjalldal og Jónu Kristjánsdóttur Fjalldal á Melgraseyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Halldórssonar Fjalldal og Jónu Kristjánsdóttur Fjalldal á Melgraseyri.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 kr. — þrjú þúsund — sem gefið er af ýmsum velunnurum þeirra hjóna á sextíu ára afmælisdegi Jóns, 6. febrúar 1943. Nú er sjóðurinn kr. 9076.65.

3. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum og áheutum, svo og vöxtum af höfuðstól.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri lánastofnun, ef stjórn sjóðsins telur það betur henta.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verja fé til þess að leiðbeina um gerð samstæðra, hentugra og snoturra húsgagna á svæði Búnaðarsambands Vestfjarða og efla þar slíka húsgagnasmíði og einnig að stuðla að aukinni ræktun blómreita og trjálunda á umræddu svæði.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Allir vextir skulu leggjast við höfuðstólinn unz hann nemur kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónum — en úr því falli helmingur ársvaxta til útborgunar. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — skulu falla til útborgunar $\frac{3}{4}$ hlutar af ársvöxtum. Skal stjórn sjóðsins veita viðtöku vaxtahluta þeim, sem fellur til útborgunar. Hinn hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, sem skulu vera þessir: skólastjóri Reykjanes-skólans, og er hann formaður, en meðstjórnendur eru skólastjóri Núpsskóla og formaður Búnaðarsambands Vestfjarða.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast af endurskoðendum reikninga Reykjanes-skólans.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af Jóni Halldórssyni Fjalldal eftir ósk gefenda, sem undirritar hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Reykjavík, 6. febrúar 1964.

Jón H. Fjalldal.